



Alþingi
Erindi nr. P 131/1532
komudagur 25.4.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. apríl 2005

0504195SA SÓK/sp
Tilv.: 317

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipan ferðamála

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
Lögfræðisvið

Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um skipan ferðamála



Umsögn

Málsnr.: 0504195SA

Dags.: 25. apríl 2005

Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 317

um frumvarp til laga um skipan ferðamála

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. apríl sl., sem barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga 22. sama mánaðar, er óskað umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál 131. löggjafarþings.

Sambandið gerir ekki athugasemdir við meginefni laganna. Hins vegar telur sambandið óeðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir fulltrúum frá sveitarfélögunum í Ferðamálaráði. Samkvæmt gildandi lögum um skipulag ferðamála sitja tveir fulltrúar tilnefndir af sambandinu í Ferðamálaráði en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum, sbr. 5. gr. Ekki er einu orði minnst á þessa breytingu eða ástæður hennar í athugasemdum með frumvarpinu. Er það enn sérkennilegra í ljósi þess að í umsögn, dags. 27. janúar 2005, sem sambandið lét samgönguráðuneytinu í té, um drög að umræddu frumvarpi, lýsti það þeirri skoðun sinni að mikilvægt væri að sveitarfélögin hefðu áfram tvo fulltrúa í ferðamálaráði. Í umræddum drögum frá ráðuneytinu var gert ráð fyrir einum slíkum fulltrúa. Í frumvarpinu í núverandi mynd er eins og áður sagði gert ráð fyrir því að sveitarfélögin eigi engan fulltrúa í ráðinu, þrátt fyrir fyrrnefndar athugasemdir.

Sveitarfélögin hafa með almennum hætti stutt við uppbyggingu og grunnþætti í rekstri ferðaþjónustu í landinu, m.a. með aðkomu að rekstri upplýsingamiðstöðva og á fleiri vegu. Hjá sveitarfélögunum liggur fyrir mikil þekking á stöðu ferðamála og víða um land liggja miklir hagsmunir í því að rekstur ferðaþjónustu haldi áfram að byggjast upp og eflast. Fáir, ef nokkrir, hafa sinnt uppbyggingu á undirstöðupáttum ferðaþjónustunnar betur en sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa því mikilvæga þekkingu og yfirsýn að færa inn í Ferðamálaráð. Þau sjónarmið og þekking kunna einnig að vera mismunandi eftir því hvort um landsbyggðina eða höfuðborgarsvæðið er að ræða og því telur sambandið mikilvægt að sveitarfélögunum verði áfram tryggðir tveir fulltrúar í Ferðamálaráð.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri lögfræðisviðs